



9. september 2016

Yfirlýsing ríkisstjórnar

Ríkisstjórn Íslands sendi frá sér svohljóðandi yfirlýsingu þann 6. október 2008: **“Ríkisstjórn Íslands áréttar að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi verða tryggðar að fullu. Með innstæðum er átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til.”**

Þessi yfirlýsing var áréttuð amk fjórum sinnum á árunum 2008 til 2009.

Upphaflega yfirlýsingin var gefin fyrir tæpum 8 árum síðan vegna þeirra aðstæðna sem þá höfðu skapast. Íslensk stjórnvöld stóðu þá frammi fyrir áður óþekktum aðstæðum þar sem allt bankakerfi landsins riðaði til falls og ljóst var að án róttækra aðgerða myndi skapast vantraust á bönkunum og hætta á áhlaupi á þá. Nú standa innlendar innlánsstofnanir traustum fótum, sama hvort litið er til eigin fjár, fjármögnunar, lausafjár eða jafnvægis í rekstri þeirra.

Yfirlýsingin og síðari áréttingar á henni hafa aldrei verið settar með stoð í lögum og ekki birtar í Stjórnartíðindum. Þær fólu ekki í sér stjórnvaldsfyrirmæli, heldur viljayfirlýsingu ríkisstjórnar. Af þessu leiðir að ekki hefur verið greitt gjald samkvæmt lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, vegna yfirlýsinganna, þar sem eiginleg ríkisábyrgð hefur aldrei verið fyrir hendi. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki séð ástæðu til að árétta yfirlýsingar fyrri ríkisstjórna um framangreint efni. Hins vegar hefur verið vísað til þeirrar yfirlýsingar sem gefin var á sínum tíma í ríkisreikningi. Það hefur þótt vera í þágu gagnsæis og varúðarsjónarmiða að vekja athygli á þessu og sérstaklega tekið fram að ábyrgð ríkisins hafi ekki verið lögfest.

Stjórnvöld gripu á sínum tíma til ráðstafana til að tryggja innstæður í samræmi við yfirlýsinguna. Síðan þá hafa viðamiklar breytingar verið gerðar á lagaumhverfi fjármálamarkaða, fyrst með neyðarlögunum svokölluðu, síðan með þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um fjármálafyrirtæki árið 2010, auk fjölmargra annarra breytinga á lagaumhverfi fjármálamarkaða, m.a. með stofnun fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar. Þá hafa nýjar reglur tekið gildi um eigið fé bankanna þar sem gerðar eru verulega auknar kröfur um eigið fé og gæði þess. Ótaldar eru þá þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um innstæðutryggingar sem afmörkuðu betur en áður var það mengi sem fellur undir vernd innstæðutryggingarkerfisins. Fjölmargir innstæðueigendur sem nutu verndar innstæðutryggingarkerfisins þegar yfirlýsingin var gefin njóta hennar ekki í dag lögum samkvæmt. Má þar nefna aðila eins og opinbera aðila, fyrirtæki í opinberri eigu og lífeyrissjóði. Enda er megin inntak innstæðutrygginga að vernda innstæður almennings en ekki stærri fyrirtækja eða opinberra aðila.

Þó verulegar umbætur hafi verið gerðar á lagaumhverfi fjármálamarkaða frá fjármálaáfallinu árið 2008 og staða fjármálafyrirtækja sé traust um þessar mundir er áfram unnið að því að styrka nauðsynlegt öryggisnet um starfsemina og fjölga þeim úrræðum sem opinberir eftirlitsaðilar og stjórnvöld hafa til að grípa tímanlega inn í atburðarrás sem kann að hafa óæskileg áhrif á fjármálamarkaðinn og



efnahagslegan stöðugleika. Á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er nú unnið að innleiðingu nýs Evrópu regluverks um skilameðferð fjármálafyrirtækja sem gefur stjórnvöldum heimildir til inngripa í rekstur slíkra fyrirtækja og auðveldar þeim að koma innstæðum almennings í skjól ef aðstæður krefjast. Einnig er unnið að innleiðingu nýrra Evrópureglna um innstæðutryggingar sem munu styðja við regluverk um skilameðferð.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur litið svo á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi falist ríkisaðstoð til íslenskra fjármálafyrirtækja í skilningi 61. gr. EES-samningsins, líkt og fram kom í ákvörðunum stofnunarinnar frá júní og júlí 2012 um endurreisn viðskiptabankanna. Íslensk stjórnvöld hafa upplýst stofnunina um breyttar aðstæður og stofnunin fylgist auk þess með breytingum á lagaumhverfi fjármálamarkaða.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur ríkisstjórnin rétt, að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands, að taka af tvímæli um að núverandi ríkisstjórn telur ekki tilefni til að hafa í gildi yfirlýsingu um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum og jafnframt að fyrri yfirlýsingar þess efnis séu úr gildi fallnar.